

SEPTEMBER

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Fimmtánda sýning Septem-hópsins var opnuð sl. laugardag og stendur til sunnudagsins 21. september. Að þessu sinni sýna sex meðlimir hópsins, þau **Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson, Hafsteinn Austmann, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson** og **Valtýr Pétursson**. Tveir hafa kosið að sitja heima, þeir Karl Kvaran og Steinþór Sigurðsson.

Þetta er orðið langt úthald hjá þeim Septem-mönnum og er tvímælalaust einsdæmi í íslenskri listasögu. Auk þess má geta að þrír meðlimanna, þeir Jóhannes, Kristján og Valtýr, voru meðal stofnenda Septembersýningahópsins, sem sýndi fyrst haustið 1947. Jafnframt mynduðu þeir ásamt nokkrum nú látnum myndlistarmönnum lengi kjarna Haustsýninga FÍM, eftir að Septembersýningarnar lögðust niður.

Pannig hafa þeir í raun haldið hópinn í 40 ár og allan tímann verið áhrifavaldur í íslenskri myndlist jafnt í félagsmálum sem í opinberri umræðu auk þess að vera þátttakendur í flestum meiri háttar listsýningum utan lands sem innan.

Þetta teljast því nokkur tímamót hjá þeim félögum og hefði verið skemmtilegt, að þess hefði verið minnst á veglegan hátt og allir núlifandi tekið þátt í sýningunni ásamt með sýnishorni verka látinna félaga.


Þetta er tekið sérstaklega fram

hér vegna þess, að ég veit til þess, að fjöldi ungs fólks gerir sér rangar hugmyndir um hlut þessara manna í listþróuninni — ýmist af vanþekkingu eða fyrir óvillhalla heimildir. Einnig vegna þess, að bleðill, sem nefnist sýningarskrá að þessu sinni, er samtökunum ekki samboðinn og hvað þá á þessum tímamótum.

Það hefur víst fallið í minn hlut að rita listrýni um Septemhópinn frá upphafi og samanlagt hlýtur það að vera löng ritsmíð! — Í hvert sinn, sem von hefur verið á sýningu þeirra félaga, hefur margur hrist höfuðið og sagt: „Þeir eru alltaf eins, hvernig fara þeir að því að halda þetta út?“ En þeir hafa satt að segja oftast komið á óvart en hitt og fordómalausir sýningargestir gengið ánægðari heim af sýningu en þeir bjuggust við. Margar sýningar hópsins hafa nefnilega verið bráðfallegar og mikilvægt framlag til íslenskrar sýningaflóru og listar — og mikið gott var, að innan hópsins voru öfl, sem hiklaust hvöttu til áframhalds, þó að nóg væri vafalítið um úrtölur, ef ég þekki rétt...

Það er merkilegt frá að segja, að þessi fimmtánda sýning hópsins ber alls engan svip þreytu eða uppgjafar, því að sjaldan hafa menn verið hressari. Má nefna það, að upphengingin hefur að mínu viti aldrei verið frísklegri og fjölþættari.

Mennirnir, sem voru áður þekktir fyrir að hengja allar myndir eftir fastmótaðri reglu, þar sem órjúfánleg lög voru um bil á milli mynda og hæð þeirra á vegg, sprengja nú öll þessi lögmál á mjög hnitmiðaðan og rökvisan hátt.



Morgunblaðið/KGA

Þetta hefur afar mikið að segja fyrir sýninguna í heild, og t.d. kemur Guðmunda Andrésdóttir loksins jafn sterkt fram og myndir hennar verðskulda, enda er framlag hennar ljómandi fallett og myndir svo sem „Í gróandanum“ (37) og „Vorljóð“ (39) eru ákaflega lífræn málverk.

Málverk Kristjáns Davíðssonar njóta sín mjög vel í upphengingu, sem hefur yfir sér mikinn stigandi og myndir hans „Flæðarmál“ nr. 29 og 32, eru magnþrungin verk.

Jóhannes Jóhannesson er með óvenju litlar og látlausar myndir að þessu sinni, en hann er í réttum ham í einu stóru myndinni, „Stemma“ (5).

Valtýr Pétursson virðist ætla að nálgast óhlutlega málverkið aftur og hefur strax fundið sig heima í

myndinni „Foss“ (8). Af landslags- og sjávarmyndum Valtýs tók ég best eftir myndinni „Eyjar“ (15). Hafsteinn Austmann hefur sjaldan átt heillegri myndaröð á samsýningu, og sem spannar klassískt myndform frá hans hálfu svo sem í myndinni „Hringferð“ (18) til mynda ljóðrænnar útfærslu og endurnýjaðs litaskala, sem kemur fram í verkunum „Hreyfing“ (25) og „Draugasaga“ (26). Guðmundur Benediktsson staðfestir stöðu sína sem vaxandi myndhöggvari í bronsskúlpúrnum nr. 47 og 49.

Septem-hópurinn ræktar með ágætum frekar vanmetið hlutverk nú á tímum bókmenntalegrar frásagnar í málverki, er hver pensilstroka virðist tileinkuð goðafræð-

inni og helgast af henni, hversu klasturleg sem hún nú er í lögun, lengd og breidd.

Það þarf nokkuð til að vera læs á hið innra, ósýnilega rými, er fram kemur í myndum hins þroskaða abstraktmálara og vera móttækilegur fyrir þeim skynrænu kenndum, er þar birtast og kristallast.

Og jafnvel þótt málurinn eða myndhöggvarinn noti hlutlæg form eða figúrur í myndir sínar, þá er það þetta innra ósýnilega rými, sem á köflum hefur þau áhrif á yfirborðið, að það tekur á sig ýmsar myndir efnis, samsetningar, hrynjandi, fyrirferðar og þyngdar sem máli skiptir.

Rými upplifaðrar, eðlisborinnar skynjunar...

Við parketleggjum landið

Reykjavík

Egill Árnason hf.
Parketval
Teppaland—Dúkaland

Akranes

Málningarþjónustan

Ólafsvík

Litabúðin

Ísafjörður

Pensillinn

Blönduós


Kf. Húnvetninga

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga

Ólafsfjörður

Valberg



Akureyri

Teppaland

Húsavík

Borg trésmiðja

Egilsstaðir

Trésm. Fljótisdalshéraðs

Neskaupstaður

Ársæll Guðjónsson

Höfn

KASK

Vestmannaeyjar

Brimnes

Hvolsvöllur

Kf. Rangæinga

Keflavík

Dropinn

Nú fæst **Kährs**
gæðaparket um
allt land



Egill Árnason hf.
Parketval

Skeifunni 3, sími 91-82111